

Ed.

619. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til laga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum sínum. Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hann flytur á þskj. 620, en minni hlutinn skilar séráliti. Jón G. Sólnes var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Í 5. gr. bráðabirgðalaga frá 24. sept. 1974, er ákvæði þess efnis, að launajöfnunarbætur skuli teknar til endurskoðunar, fari vísitala fram úr 358 stigum á gildistíma þeirra laga.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um upphæð láglau nabóta og koma þær bætur til viðbótar þeim láglau nabótum, sem voru ákveðnar í bráðabirgðalögum frá 24. sept. 1974.

Nefndin gerir tillögu um hækkun bóta almannatrygginga og kemur sú hækkun til viðbótar þeirri hækkun, sem var ákveðin í áðurnefndum bráðabirgðalögum.

Samkvæmt tillögu nefndarinnar hækka bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, aðrar en fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur og tekjutrygging, um 9%.

Hækkun tekjutryggingar og skerðingarhlutfall vegna annarra tekna eru skýrð á fylgiskjali I með nefndarálitinu.

Á fylgiskjali II er áætlaður sá kostnaðarauki, er hækkunin veldur.

Í breytingartillögum nefndarinnar eru tillögur um greiðslur láglau nabóta til bænda og verkafólks þeirra. Greiðslur til bænda hafa enn ekki verið inntar af hendi, en skulu nú greiddar í samræmi við tillögur þessar. Enn fremur er gerð tillaga um útlán og lánskjör fjárfestingarlánasjóða.

Í framsögu verður gerð nánari grein fyrir þeim breytingartillögum, sem meiri blutinn, undirritaðir nefndarmenn, flytur.

Alþingi, 9. maí 1975.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Axel Jónsson,
fundaskr.

Ólafur Ólafsson.

Albert Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

Dæmi um hækkun tekjutryggingar. Fjárhæðir í þús. kr.

| | Núgildandi bótafjárhæðir | | Bótafjárhæðir frá ¼ skv. frv. | | Hækkun % | |
|---|-----------------------------|-------|----------------------------------|-------|----------|------|
| | Einst. | Hjón | Einst. | Hjón | Einst. | Hjón |
| 1. Grunnlífeyrir | 160.1 | 288.2 | 174.5 | 314.1 | 9.0 | 9.0 |
| 2. Tekjutrygging | 96.7 | 174.1 | 141.1 | 238.6 | 45.9 | 37.0 |
| 3. Tekjutryggingarmark = lágmarkstekjur(1.+2.) ... | 256.8 | 462.3 | 315.6 | 552.7 | 22.5 | 19.6 |
| 4. Tekjutrygging óskert að .. | 41.3 | 74.3 | 45.0 | 81.0 | 9.0 | 9.0 |
| 5. Hámarkstekjur án skerð- ingar | 298.1 | 536.6 | 360.6 | 633.7 | 21.0 | 18.1 |
| 6. Tekjutr. skert að ⅓ við .. | 166.5 | 299.7 | 216.1 | 370.2 | 29.8 | 23.5 |
| 7. Heildartekjur við tekjutr. skerta að ⅓ | 358.8 | 645.9 | 437.6 | 763.8 | 22.0 | 18.3 |
| 8. Tekjutr. fullskert við | 229.1 | 412.4 | 301.6 | 514.9 | 31.6 | 24.9 |
| 9. Heildartekjur við fullskerta tekjutryggingu | 389.2 | 700.6 | 476.1 | 829.0 | 22.3 | 18.3 |
| 10. Skerðingarhlutfall | 51.5% | 51.5% | 55% | 55% | | |

Fylgiskjal II.

Áætlaður kostnaðarauki vegna breytinga bótafjárhæða skv. 6. og 7. gr.

6. gr.

Kostnaðarauki, m.kr.

| | Á helgu ári | |
|---|-------------|-------|
| | 1974 | 1975 |
| Hækkun lífeyrisbóta | 420 | 315 |
| (þar af hækkun elli- og örorkulífeyris) | (320) | (240) |
| Hækkun sjúkratrygginga | 35 | 26 |
| | <hr/> | |
| Samtals | 455 | 336 |

7. gr.

| | | |
|--|-------|-----|
| Hækkun tekjutryggingar vegna launajöfnunarbóta | 280 | 210 |
| Hækkun tekjutryggingar vegna skattafsláttis | 210 | 210 |
| | <hr/> | |
| Samtals | 490 | 420 |